Það er alkunnugt og margreynt, að í hverjum þeim stað, sem áfeingir drykkir tíðkast á annað borð, verða margir að ofdrykkjumönnum, og skerða með því ekki að eins eignir sínar og iðjusemi, heldur spilla þeir heilsu líkamans og jafnvel viti sínu og góðum siðum og þarmeð virðíngu þeirri, sem þeir annarskostar mundu ávinna sjálfum sèr og þjóð sinni. Af þessum rökum eru nú stofnuð mörg hófsemdarfèlög um víða veröld, einkum hjá þeim þjóðum, sem bezt eru menntaðar, og hafa þau borið, og bera hversdagslega, blessunarríkan ávöxt fyrir lönd og lýði. Nú þó að slíks þurfi að sönnu alstaðar við, þá mun vera óhætt að fullyrða, að hvergi beri jafnbrýna nauðsyn til þessa og á Íslandi; því bæði er landið svo fátækt, að það má ekki ausa út til ónýtis milli 80,000 og 120,000 rdd. á ári hverju, sem (með leigum) ekki er leingi að draga sig saman í stórmikið fè, og þó er hitt þjóðinni enn meira niðurdrep, að deyða og ónýta með þessu eitri og ólyfjani svo mikinn andlegan og líkamlegan krapt margra góðra manna, þarsem aldrei hefur verið jafnmikil nauðsyn og nú, að verja öllu því góðu, sem í voru valdi stendur, til heilla og framfara fósturjörðu vorri og sjálfum oss. Þessvegna urðum vèr stórlega glaðir við, þegar sú fregn barst oss til eyrna, að hófsemdarfèlög væru þegar stofnuð á Íslandi, og þótti oss skylt, að láta ekki vorn hlut eptir liggja, og gerðum fèlagskap með oss, og rituðum lagagreinir þær, sem vér nú sendum til Íslands með þeirri bæn, að sem flestir verði til að íhuga þetta mál, og gánga í lög með oss. Biðjum vèr þá að rita nöfn sín á hið lausa blað, sem fylgir brèfi þessu, og senda það síðan einhverjum af oss, helzt með póstskipi í vetur, þareð vèr höfum í hyggju, að auglýsa á prenti að vori komanda nöfn fèlagsmanna með öðru því, sem fèlagið snertir.

1. grein.

Fèlag vort heitir **íslendskt hófsemdarfèlag.**

2. gr.

Það deilir lögum vorum, hvort vèr erum à Íslandi staddir eða erlendis.

1. Á Íslandi má einginn fèlagsmaður bergja neinu, sem áfeingt er, án læknis ráði, nema því víni, sem klerkar skulu deila mönnum í altarisgaungu.
2. En erlendis er þaraðauk leyfilegt, að drekka það öl, sem gjört er í því landi, þar sem maður er þá, svo og meðal-glas af rínarvíni eða frakknesku rauðavíni í sólarhríng.

3. gr.

Sèrhver fèlagsmaður skal æ gera slíkt, sem honum er lagið, til að leiða sem flesta vora landa til þessa fèlagskapar.

4. gr.

Einginn af oss má hafa á boðstólum nokkurn áfeingan drykk, nema honum þyki sem manns líf muni við liggja.

Kaupmannahöfn, 26. sept. 1843.

Brynjólfur Pètursson. *Brynjólfur Snorrason.* *Gísli Thórarensen.*
Gunnlaugur Þórðarson. *Halldór Kr. Friðriksson.* *Jóhann Halldórsson.*
Konráð Gíslason. *Pètur Pètursson.* *St. Gunnlögsen.*

Nöfn, stètt, heimili og kirkjusókn þeirra, sem gánga í *íslendskt hófsemdarfèlag*, stofnað i Kaupmannahöfn sumarið 1843.


LANDSBÓKASAFN